

MIDFJARÐARÁ 1997

Tumi Tómasson

Júlí 1998

VMSTN/98015

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Bókasafn

Miðfjarðará 1997

Inngangur

Sumarið 1997 var að venju kannað ástand seiðastofna í Miðfjarðará og þverám hennar. Seiðagildra var starfrækt í Núpsá yfir há-göngutímann, en hún var ekki látin loka allri ánni, þannig að fullorðinn lax átti greiða leið fram ána. Að auki var sett seiðagildra í Austurá fyrir neðan Skárastaði.

Nokkur umræða hefur orðið um það á fundum veiðifélagsins af og til þegar niðurstöður hafa verið kynntar, hvort ekki gæti verið skynsamlegt að rafveiða seiði í Vesturá til sleppinga á ólaxgeng svæði fyrir framan Rjúkanda, í Lambá og Þverá. Þetta var gert sumarið 1997 og gekk vel.

Að vanda var allur lax sem kom á land skoðaður í veiðihúsinu. Sýni voru tekin af öllum merktum löxum, auk þess sem hreistursýni voru tekin til greiningar af stórum hluta ómerktra laxa. Veiðin sumarið 1997 var dræm og mun lakari en búist hafði verið við. Áður en fjallað verður um ástand laxastofna svæðisins verður fjallað um veiðina sumarið 1997 og samsetningu hennar.

Veiðin 1997 og árangur seiðasleppinga

Alls veiddust 607 laxar sumarið 1997. Skipting veiðinnar eftir helstu veiðisvæðum og sjávaraldri er gefin upp í Töflu 1. Þetta er töluverð minnkun frá því sumarið 1996 þegar 714 laxar veiddust. Þótt nokkur aukning hafi orðið í smálaxaveiðinni milli ára varð hún þó minni en vænst hafði verið og stórlaxaveiðin mun minni en smálaxaveiðin árið áður gaf tilefni til að ætla, og er í raun í mótsögn við merkjaheimtur úr örmerktum laxi úr Núpsá. Þar voru sumarið 1995 örmerkt 1146 seiði. Einungis veiddust 4 smálaxar úr þessari merkingu sumarið 1996, en 11 stórlaxar sumarið 1997. Heildarheimtur urðu því 1.3 %, aðallega sem stórlax.

Sumarið 1996 voru merkt í Núpsá 3418 gönguseiði. Af þeim skiluðu sér í veiði í Miðfjarðaránum 39 laxar 1997, eða 1.1%. Þessar heimtur eru nálægt meðaltali síðustu 10 ára, en heimtur hafa verið freum lágar allt þetta tímabil. Flestir laxanna eða 28 veiddust í Núpsá. Ávalt hefur villst eitthvað af örmerktum laxi í aðrar ár, en þó

aldrei eins og úr merkingu villtra seiða 1996. Sumarið 1997 var skilað inn 16 merkjum af löxum sem veiddust í öðrum ám, þar af 12 úr Vatnsdalsá, 3 úr Víðidalsá og 1 úr Selá. Séu þessir laxar teknir með urðu heimtur 1.6 % og villur tæp 30 %. Gera má ráð fyrir að villur hafi orðið enn meiri en þessar töllur gefa til kynna því merkjum var einungis skilað úr ám þar sem vitað er að merkjaleit er tiltölulega góð.

Tafla 1. Laxveiðin í Miðfjarðaránum sumarið 1997 eftir sjávaraldri og veiðisvæðum.

	Miðfjarðará		Austurá		Núpsá		Vesturá		Samtals	
	fj.	%	fj.	%	fj.	%	fj.	%	fj.	%
Smálax	59	12	204	44	79	17	129	27	471	78
Stórlax	15	11	49	36	2	1	70	51	136	22
Samtals	74	12	253	41	81	13	199	33	607	100

Veiðin í Austurá skiptist þannig að fyrir neðan ármótin við Núpsá veiddust 56 smálaxar og 14 stórlaxar, á kaflanum frá ármótum fram að Kambsfossi 70 smálaxar og 21 stórlax og fyrir ofan Kambsfoss 78 smálaxar og 14 stórlaxar.

Uppruna laxa í veiðinni má rekja til náttúruklaks í ánum, laxa sem eru að skila sér úr gönguseiðasleppingum og laxa sem eiga uppruna sinn í smáseiðasleppingum á ólaxgeng svæði og hafa dvalist í ánni í eitt til þrjú ár áður en þeir ganga til sjávar, oftast tvö ár. Að auki er einnig ávalt eitthvað um að lax úr öðrum ám villist upp í Miðfjarðará og veiðist þar.

Öll gönguseiði sem sleppt var í Miðfjarðará árin 1995 og 1996 voru örmerkt og sýna var leitað í öllum veiddum löxum. Sumarið 1995 var sleppt alls 9718 örmerktum gönguseiðum í Miðfjarðará. Af þeim veiddust 79, eða 0.8%, sem smálaxar í Miðfjarðará sumarið 1996. Sumarið 1997 veiddust 10 stórlaxar þannig að heildarheimtur í veiði urðu 0.9%. Sumarið 1996 var sleppt 7210 gönguseiðum. Af þeim veiddust sem smálaxar í Miðfjarðará 9 laxar eða rúmlega 0.1 %, og er þetta með lakari heimtum sem fengist hafa úr gönguseiðasleppingum í Miðfirði frá upphafi. Að auki veiddust tveir smálaxar í Miðfirði úr sleppingum í aðrar ár, þ.e. Vatnsdalsá og Fljótaá.

Uppruni annarra laxa var ákvarðaður út frá greiningu hreistursýna. Að vanda voru tekin góð sýni til aldursgreininga. Alls voru tekin hreistursýni af 303 smálöxum og 94 stórlöxum, eða af tveimur af hverjum þremur ómerktum smálöxum og þremur af hverjum fjórum ómerktum stórlöxum.

Niðurstöður aldursgreininga hreistursýna eru teknar saman í Töflu 2 og skipting veiðinnar eftir uppruna laxa í Töflu 3. Hlutfall veiði sem rekja má til sleppinga er mun lægra en oftast áður. Koma þar til lélagar heimtur úr gönguseiðasleppingum 1996, auk þess sem engum smáseiðum var sleppt á ólaxgeng svæði sumarið 1994. Í heildina má rekja 15% smálaxa og 25% stórlaxa í veiðinni 1997 til seiðasleppinga, þá aðallega smáseiðasleppinga. Að venju er hlutur smáseiðasleppinga mikilvægastur í Austurá og Núpsá, þeim ám þar sem er að finna best uppeldisskilyrði á ólaxgengum svæðum.

Tafla 2. Niðurstöður aldursgreiningar hreistursýna úr laxveiðinni í Miðfjarðará 1997.

Smálax:

Ár í ferskv.	Austurá f.n. Kambsfoss		Ausurá f.o. Kambsfoss		Núpsá		Vesturá		Miðfj.á.	
	fj.	%	fj.	%	fj.	%	fj.	%	fj.	%
1+	5	5	3	6	4	11	2	2	2	5
3+ss	9	9	4	8	5	14	4	5	1	2
3+n	72	74	42	80	23	66	34	43	26	67
4+	12	12	1	2	2	6	31	39	10	26
5+	-	-	2	4	1	3	6	8	-	-
6+	-	-	-	-	-	-	2	3	-	-
Samt.	98	100	52	100	35	100	79	100	39	100

Stórlax:

Ár í ferskv.	Austurá f.n. Kambsfoss		Ausurá f.o. Kambsfoss		Núpsá		Vesturá		Miðfj.á.	
	fj.	%	fj.	%	fj.	%	fj.	%	fj.	%
2+	3	11	4	40	-	-	2	4	3	27
3+ss	3	11	1	10	-	-	2	4	-	-
3+n	16	57	5	50	-	-	8	18	6	55
4+	2	7	-	-	-	-	31	70	2	18
5+	-	-	-	-	-	-	2	4	-	-
áður hr.	4	14	-	-	-	-	-	-	-	-
Samt.	28	100	10	100	-	-	45	100	11	100

Tafla 3. Skipting laxveiðinnar í Miðfjarðaránum sumarið 1997 eftir uppruna, samkvæmt merkjaheimtum og greiningu hreistursýna

Smálax:

	Gönguseiðasl.	Smáseiðasl.	Náttúruklak	Samtals
Miðfjarðará	3	4	52	59
Austurá	6	28	170	204
Núpsá	1	17	61	79
Vesturá	1	10	118	129
Samtals fjöldi	11	59	401	471
Samtals %	2	13	85	100

Stórlax:

	Gönguseiðasl.	Smáseiðasl.	Náttúruklak	Samtals
Miðfjarðará	5	1	9	15
Austurá	5	17	27	49
Núpsá	0	1	1	2
Vesturá	0	6	64	70
Samtals fjöldi	10	25	101	136
Samtals %	7	18	75	100

Ástand seiðastofna

Seiðastofnar Miðfjarðaránnu voru kannaðir með rafveiðum dagana 25-29/8 1997. Alls var rafveitt á 46 stöðum, þar af voru átta staðir á laxgengum svæðum. Á hverjum stað voru veiddir 200 - 800 m², oftast 300 - 500 m².

Staðirnir eru merktir inn á kort (Mynd 1), ef undan eru skildir efstu staðirnir í Austurá. Oftast var veitt á sömu stöðum og venja er til. Þó var nú bætt við nýju stöðum ofarlega í Austurá og Vesturá, auk þess sem stað var bætt við neðarlega í Miðfjarðará. Niðurstöður rafveiðanna eru teknar saman í Töflu 4 og á Myndum 2-5. Almennt má segja að ástand seiðastofna sé gott, jafnt þar sem sleppt hefur verið á ólaxgengum svæðum og þar sem um er að ræða náttúruklak á laxgengum svæðum. Hér að neðan verður ástandi seiðastofna líst nánar á hverju svæði fyrir sig.

Austurá

Haustið 1996 var sleppt um 10 000 laxaseiðum á ólaxgengt svæði í Austurá á tvo kafla fyrir framan Kjálkafoss og neðst í Geiraldslækinn, en einungis er vitað til að sleppt hafi verið svo framarlega einu sinni áður, en þá var ekki fylgst með afdrifum seiðanna. Sleppingin skiptist þannig að um 5000 seiðum var sleppt á rúmlega 3 km kafla fyrir framan Geiraldslæk. Þar er áin víðast grýtt þótt smærri lygnari kaflar séu innan um. Um 1500 seiðum var sleppt á neðsta 1.5 km kaflann í Geiraldslæknum og um 3500 seiðum var sleppt á um 2 km grýttan kafla sem hefst um 3 km fyrir neðan Geiraldslækinn. Þessar sleppingar urðu nokkuð umdeildar, bæði innan veiðifélagsins og utan þess, einkum á þeim forsendum að þær gætu ógnað silungsveiði, og þá einkum urriðaveiði, í ánni og jafnvel í Arnarvatni. Áreiðanlegar heimildir um eðli og umfang veiða í ánni liggja ekki fyrir, né heldur liggja fyrir skýrslur um mikilvægi urriðans í Arnarvatni. Það er því nokkuð erfitt að gera sér góða grein fyrir hvaða hagsmunir gætu verið hér í húfi.

Til að geta áttað sig betur á hugsanlegum áhrifum laxaseiðasleppinga á þessu svæði þurfum við fyrst að gera okkur grein fyrir stærð og gerð þessa svæðis, auk þess sem nauðsynlegt er að hafa haldgóða vitneskju um veiði og seiðastofna.

Austurá á upptök sín í Arnarvatni hinu stóra sem er í um 540 m.y.s. Nokkur hundruð metra fyrir neðan útfallið fellur áin í gegnum Litla vatnið og þar fyrir neðan í gegnum nokkur smærri vötn eða lón, og eru aðeins nokkur hundruð metra árstubbar milli þriggja efstu. Alls er þessi kafla árin um 3 km, séu vötnin talin með. Milli þriðja og fjórða lónsins eru um 1.5 km og gæti sá kafla boðið upp á góð skilyrði fyrir laxaseiði, því þar virðist áin samkvæmt korti falla um holt. Þessi kafla endar í um 500 m.y.s.

Þar fyrir neðan dregur mjög úr halla árin og hún fellur um mikið mýrlendi. Á næstu 7 km fellur áin um 30-40 m, niður að ármótum við Geiraldslæk. Þótt svæðið hafi ekki verið skoðað sérstaklega, er líklegt að grýttasta svæðið á þessum kafla séu neðstu 3 km. Reyndar gefur kortið ekki beint tilefni til að ætla að svo sé og því er full ástæða til að gera nákvæmt búsvæðamat á ánni allri.

Frá Geiraldslæk að Kjálkafossi eru u.þ.b. aðrir 7 km og fall árin um 50 m, en fossinn er í um 420 m.y.s. Eins og fyrr segir var sleppt á um 2 km grýttan kafla á þessu svæði, en svæðið hefur ekki verið kannað í heild sinni.

Geiraldslækur á sér langan aðdraganda og fellur um nokkur smærri vötn eða lón, en upptök hans eru talin vera í litlu stöðuvatni í um 530 m.y.s. Þaðan eru um 12 km niður að Austurá og er heildarfall á þessum kafla um 60-70 m, þar af um 30 m á neðsta 1.5 km. Það er því líklegt að þar sé botninn grófastur.

Frá Arnaravatni niður að Kjálkafossi eru u.þ.b. 17 km. Árið 1996 var sleppt um 8500 seiðum á um 5 km kafla, og var efsta sleppingin í um 7 km fjarlægð frá Arnarvatni. Að auki var sleppt um 1500 seiðum í Geiraldslæk, en hann telst vera um 12 km langur.

Í rafveiðunum 1997 var ástand seiðastofna kannað á þremur stöðum fyrir framan Kjálkafoss. Á stað A, um 1 km fyrir framan Geiraldslæk, var rafveitt á stórgrýttu broti. Laxaseiði sem þar veiddust voru væn og tiltölulega einsleit, á bilinu 10-12 cm. Þau höfðu því dafnað vel og virðast áhrif þéttleika á vöxt vera lítil. Urriðaseiði veiddust einnig, en í minna mæli og flest við bakka. Seiðin voru ýmist 1+ (8-9 cm) eða 2+ (10-13 cm) og fremur væn.

Á stað B, sem var á fremur lygnum kafla fyrir neðan ármót við Geiraldslæk fengust einungis tvö seiði, annað urriði en hitt lax. Töluvert sást af hornsílum í gróðri við bakka. Loks var rafveitt neðarlega í Geiraldslæknum. Þar veiddust auk laxaseiða 0+ (3.7 cm), 1+ (6-8 cm) og eldri (10-19 cm) urriðaseiði, auk þess sem nokkrir urriðatittir sáust, en voru ekki teknir. Þéttleiki urriðans var mun meiri en þéttleiki laxaseiða, enda er lækurinn ekki nema um 5 m breiður, sem hentar urriða mjög vel og bætir samkeppnisstöðu hans gagnvart laxinum.

Ekki eru tiltæk áreiðanleg gögn um silungsveiðina í Austurá á þessu svæði, né í Geiraldslæk. Þarna hafa menn þó af og til fengið góða veiði. Urriðinn nær góðri stærð því hann hefur góð skilyrði til vaxtar í lónum og tjörnum á ánni og jafnvel einnig í lygnari hlutum hennar þar sem hann getur nærst á hornsílum og vatnabobbum. Til samanburðar má geta þess að sá urriði sem elst upp í Austurá fyrir neðan

Kjálkafoss verður sjaldan meira en lontur og urriðastofn þar getur ekki staðið undir neinni veiði og hefur aldrei gert, hvorki áður en farið var að sleppa þar laxaseiðum né eftir þann tíma.

Seiði urriðans halda sig ekki í lygnasta hluta árinna. Þau er helst að finna þar sem straumur er nokkuð góður, en þar halda þau sig þó mest í skjóli við bakka. Þegar urriðinn vex leitar hann í hylji eða í lón og stöðuvötn þar sem eru skilyrði til áframhaldandi vaxtar. Spurningin er því hvort uppeldisskilyrði fyrir urriðaseiði takmarki nýtingu hans á þeim svæðum sem bjóða upp á betri skilyrði til vaxtar stærri fiska og hvaða áhrif slepping laxaseiða á þá árkafla sem helst er að finna urriðaseiði hafi á nýliðun í veiðistofn urriðans.

Guðni Guðbergsson hjá Veiðimálstofnun hefur rannsakað urriðastofn Laxár í Þingeyarsýslu í Mývatnssveit og Laxárdal, þ.e. ofan ólaxgengra fossa. Rannsóknir hans benda til að þar sé ætíð til nóg af urriðaseiðum til að nýta til fulls þau vaxarskilyrði sem stærri urriði hefur í ánni, þrátt fyrir töluverðar sveiflur í þéttleika urriðaseiða. Gögn þau sem Guðni byggir á ná yfir tímabil þegar umtalsverðar laxaseiðasleppingar áttu sér stað, og einnig tímabil þegar þær voru ekki stundaðar á svæðinu.

Góður vöxtur jafnt urriða- sem laxaseiða á veiðistað A bendir til að þegar þéttleika laxaseiða er stillt í hóf í sleppingum séu áhrif á urriðastofninn tiltölulega lítil. Urriðaseiðin döfnuðu einnig vel og þau var að finna á þeim stöðum þar sem fyrirfram mátti búast við að þau væru. Meðan ekki er sleppt meira en 10-15 000 laxaseiðum annað hvert ár í Austurá ofan Kjálkafoss tel ég litla hættu á að slíkar sleppingar gætu ógnað þeim nytjum af urriðastofninum sem nú eru í ánni og vötnunum. Þó er rétt að fylgjast betur með veiðum á þessu svæði en gert hefur verið og jafnframt gera nákvæma kortlagningu á búsvæðum og útbreiðslu tegunda í ánni. Miðað við reynslu undanfarandi áratugar í Miðfirði, ætti 10-15 000 seiða slepping að geta skilað 50-80 laxa veiði árlega.

Samkeppnisstaða urriðans gagnvart laxinum er betri í Geiraldslæk en í Austurá. Þar er seiðastofn urriða mun þéttari en í Austuránni, og vöxtur seiða hægari. Þótt laxaseiði sem þarna var sleppt hafi dafnað vel, er um tiltölulega lítið svæði að ræða og sem töluverð fyrirhöfn er að sleppa á. Þótt ólíklegt sé að lax muni nokkru sinni ógna tilvist urriða í Geiraldslæk, tel ég réttara að nýta lækinn ekki til seiðasleppinga.

Of litlar upplýsingar liggja enn fyrir til að hægt sé að leggja endanlegt mat á hugsanleg áhrif laxaseiðasleppinga á urriðastofna Austurár og Arnarvatns og nytjar þeirra. Ég tel þó að umfang sleppinganna sé það takmarkað að þær gefi ekki tilefni til að óttast að nýliðun urriða í veiðistofn, hvort heldur er í ánni eða í Arnarvatni, beri merkjanlegt tjón af. Rafveiðarnar 1997 benda til að seiðasleppingar á þessu svæði hefðu heppnast mjög vel haustið 1996 og að þær muni að líkindum skila góðri gönguseiðaframleiðslu sumarið 1998. Miðað við þann árangur sem smáseiðasleppingar hafa skilað á öðrum ólaxgengum svæðum í Miðfirði er ljóst að hagsmunir laxveiðinnar eru nokkrir í þessu máli. Það er þó nauðsynlegt að setta mismunandi sjónarmið innan veiðifélagsins, áður en ákvörðun er tekin um framhald seiðasleppinga í Austurá framan Kjálkafoss.

Svæðið frá Kjálkafossi og niður að Valsfossi hefur verið nýtt til seiðasleppinga um nokkurt skeið. Sleppingar þar takast oftast vel enda er svæðið mjög hentugt fyrir laxaseiði. Eins og áður sagði getur áin á þessum kafla ekki fósrað stóran urriða og því þarf ekki að óttast að komi til neinna hagsmunaárekstra á þessu svæði. Þar var sumarið 1997 sleppt alls 10 000 laxaseiðum. Þau voru öll kviðuggaklippt til að hægt væri að meta með beinum hætti framlag þessa svæðist til gönguseiðaframléiðslu árinna í seiðagildru sem staðsett er í Austurá fyrir neðan Skárastaðabrúna. Ekki var rafveitt á þessu svæði 1997, enda næsta víst að svæðið hefði tæmst af laxi fyrir um sumarið, en þar voru seiði úr sleppingu 1995.

Á laxgenga svæði Austurár, allt frá Valsfossi niður að ármótum Núpsár, voru 2+ seiði ríkjandi í rafveiðunum 1996. Vöxtur þeirra var almennt góður, en þó minni fyrir neðan Kambsfoss en á efra svæðinu. Þessi árgangur var að mestu horfinn af svæðinu fyrir ofan Kambsfoss í rafveiðunum 1997 og greinilegt að svæðið hefur skilað góðri gönguseiðaframléiðslu sumarið 1997.

Árgangurinn sem kom úr klaki sumarið 1995, þ.e. 2+ seiði 1997, er hins vegar fálíðaður í Austurá fyrir ofan Kambsfoss og því ljóst að gönguseiðaframléiðsla á svæðinu hefur minnkað mikið á milli ára. Hins vegar eru næstu tveir árgangar (0+ og 1+) mun öflugri og því ekki ástæða til að grípa til sérstakra ráðstafana. Góð afkoma seiða sem sleppt var í Austurá 1996 ætti að hafa bætt verulega gönguseiðaframléiðslu af efri hluta Austurár.

Vorið 1997 var sett niður seiðagildra í Austurá fyrir neðan Skárastaði. Hún náði ekki yfir alla ána og var ekki að merkja að hún hefði áhrif á göngu fullorðinna laxa fram ána. Eftir nokkra byrjunarörðugleika veiddi hún vel. Alls voru merkt 783 seiði á tímabilinu 1.-20. júlí, en í Núpsá var búið að merkja um helming gönguseiða sumarsins þegar gildran í Austurá fór að veiða. Gönguseiðin í Austurá voru mjög væn og mun stærri en þau sem veiddust í Núpsá á sama tíma. Það verður athyglisvert að sjá hvort og þá með hvaða hætti það komi til með að endurspeglast í heimtum.

Núpsá

Seiðagildra var starfrækt í Núpsá til 20. júlí. Gildran var höfð þannig að hún náði ekki yfir alla ána, þannig að umferð fullorðinna laxa fram ána átti ekki að raskast af hennar sökum.

Alls veiddust í gildruna 1460 gönguseiði. Þar af voru 5 % úr sleppingu seiða fyrir framan Fosskotsfoss sumarið 1996 (1+) og 33 % úr sleppingu seiða á sama stað árið áður (2+). Sjö prósent seiða mátti rekja til sleppingu 2800 örmerktra smáseiða sem sleppt var á svæðið frá Núpsfossum fram að Núpabru sumarið 1995. Alls mátti því rekja um 45 % gönguseiðaframléiðslunnar í Núpsá ofan gildrunnar til smáseiðasleppinga. Þetta er fremur hátt hlutfall, ekki síst þegar þess er gætt að ekki er nú sleppt á svæðið milli Fosskotsfossanna þar sem þar er nú næg náttúruleg nýliðun.

Seiðin úr sleppingu 1996 höfðu dafnað vel og eins og áður sagði náði hluti þeirra sjóþroska fyrir um sumarið 1997. Ekki var þó talið ráðlegt að bæta við að þessu sinni, og raunar ber að líta á það frekar sem undantekningu að sleppt sé á sama svæðið tvö ár

í röð heldur en hitt. Sumarið 1998 er hins vegar rétt að sleppa þarna aftur um 5000 seiðum.

Á milli Fosskotsfossa (staðir 5-7) er að finna alla árganga náttúrulegra seiða (0+, 1+ og 2+) en þeir eru að vísu nokkuð misdreifðir um svæðið. Vorgömul seiði fundust á öllum rafveiðistöðunum neðar í ánni og nýting uppeldisskilyrða fyrir ofan Núpsfossana er komin í eðlilegt horf á ný.

Vesturá

Seiðasleppingar hafa lítið verið stundaðar í Vesturá eftir að staðfestist í rafveiðum 1984 að lax gengur fram fyrir Hyrnufossa og allt fram að fossi sem er skammt fyrir neðan Rjúkanda. Fyrir nokkrum árum var svæðið fyrir framan Rjúkanda athugað, sem og Lambáin, og seiðum var sleppt þar fremra sumarið 1995. Aldrei fannst mikið af þessum seiðum í rafveiðum, en flest benti þó til að þau sem lifðu hefðu náð sjóþroska sumarið 1997. Svæðið er heldur skjólminna en virðist við fyrstu sýn og þolir ekki mikinn þéttleika seiða.

Athuganir á seiðastofnum Vesturár hafa í gegnum árin sýnt að þéttleiki seiða er þar almennt meiri en gengur og gerist í öðrum ám í Miðfirði og vöxtur þeirra mun hægari. Í rafveiðunum 1995 voru seiði í Vesturá sérlega rýr, enda mikill seiðapéttleiki og tíðarfar kallt framan af sumri. Í framhaldi af því urðu mikil vanhöld á seiðum í Vesturá. Þá var tekin upp á ný hugmynd um að rafveiða seiði á laxgenga svæði Vesturár og dreifa þeim á ólaxgeng svæði árinir, fyrir framan Rjúkanda og í Þverá og ákveðið að prófa þetta sumarið 1997.

Sumarið 1997 var seiðapéttleiki í Vesturá tiltölulega lágur, en þó gekk sæmilega að rafveiða seiði. Á þremur og hálfum dögum dagana 16-19/7 voru rafveidd um 4000 seiði og þeim safnað í tunnur úti í ánni. Þau voru veidd á um 2 km kafla og var veiðistaður 7 ofarlega á þessum kafla, en þó vel innan hans. Við flutning 20/7 voru seiðin sett í ísvatn og pökkuð í plastpoka með súrefni og flutt fram á heiði. Hestur var notaður til að bera seiðapokana. Sleppingin gekk vel. Seiðunum var dreift á neðsta hluta Lambár og í Vesturá, allt fram að þeim stað þar sem áin verður lygn og svegir til suðurs, eða á um 3.5 km kafla.

Í rafveiðunum rúmlega mánuði síðar var rafveitt á einum stað í Lambá og tveimur í Vesturá fyrir ofan Rjúkanda. Fengust nú mun fleiri seiði en eftir seiðasleppinguna 1995 og virtust seiðin vera búin að aðlaga sig vel nýjum heimkynnum. Seiðin virtust hafa vaxið svipað eða betur en þau seiði sem eftir urðu (á veiðistað 7), en of mikil óvissa ríkir um aldursgreininguna til að draga megí einhverjar meiri ályktanir. Mikil skörun var almennt milli 2+ og 3+ seiða í Vesturá.

Enn er vöxtur seiða í Vesturá hægari en vöxtur seiða í öðrum hlutum árkerfisins, en þessi munur er þó minni nú en oftast áður. Þéttleiki 1+ og 2+ seiða á stað 7 var svipaður og á stöðum 6 og 8, þrátt fyrir rafveiðarnar fyrr um sumarið. Árgangur 1+ seiða virðist nokkuð sterkur og 0+ seiði fundust víða, einkum neðan til í ánni. Það eru því allar líkur til að þéttleiki seiða í Vesturá sé að aukast aftur og þá mun að líkindum aftur draga úr vexti seiða.

Í Þverá var rafveitt á einum stað, skammt fyrir neðan Gilhaga. Þar fundust 1+ seiði, úr slepingu 1996, í töluverðu magni. Þau voru mjög misstór og var lengdardreifing þeirra tvítoppa, eins og algengt er þegar samkeppni um fæðu er mikil meðal jafngamalla seiða. Þar hefur að líkindum verið sleppt of þétt. Þó má gera ráð fyrir að flest seiðin hafi náð sjóþroska sumarið 1998. Ég legg til að rafveidd verði um 4000 seiði neðan til í Vesturá og þeim dreift í Þverá sumarið 1998. Með því að nýta einungis seiði úr Vesturá til sleppinga á ólaxgeng svæði fyrir framan Rjúkanda og í Þverá verður minni blöndun stofna innan kerfisins en verið hefur, en þá ætti einungis að taka klakfisk úr Austurá, eins og gert var haustið 1997, en mestar smáseiðasleppingar eiga sér einmitt stað í Austurá.

Miðfjarðará

Í Miðfjarðará veiddust nú meira að 0+ og 1+ seiðum en árið áður og er seiðastofn árinna því greinilega að þéttast aftur eftir að hafa verið tiltölulega gisinn sumarið 1996. Vorgömul seiði fundust í mestu magni á stað 4 sem er fyrir ofan veiðistaðinn sem gerður var við Staðarbakka. Þar eru skilyrði fremur rýr fyrir stærri seiði, enda fengust þar engin seiði eldri en 1+.

Í Urriðaá er seiðabúskapur góður á laxgenga svæðinu, en á ólaxgenga svæðinu var orðið seiðatómt. Þar var sleppt um 1800 seiðum í lok ágúst.

Á laxgenga hluta Steinstaðaár hefur ekki orðið nýliðun hjá laxi í nokkur ár. Þar fundust einungis nokkur 3+ laxaseiði, en sá árgangur hafði að mestu leyti náð sjóþroska fyrr um sumarið. Ef ekki hefur komist upp klak í Steinstaðaá 1997 eða 1998 mætti dreifa um 1000-1500 seiðum á grýtta kaflann frá fossinum og niður fyrir túnin á Barði. Í lok ágúst 1997 var sleppt á ólaxgenga hlutann um 3200 seiðum fyrir ofan foss. Þar af fóru um 1000 við Sveðjustaði en hinum var dreift frá Svertingsstöðum niður undir foss.

Tafla 4. Fjöldi veiddra seiða eftir aldri og tegund veiddum í Miðfjarðará og hliðarám hennar í rafveiðum dagana 25.-29. ágúst 1997.

Austurá:

Staður (No)	Stærð (m)	Fjöldi veiddra laxaseiða eftir aldri					Urriði ≥0+	Bleikja ≥0+
		0+	1+	1+ss	2+	3+		
A	50x15	-	-	3.2	-	-	1.7	-
Geiraldsl.	60x5	-	-	3.0	-	-	5.7	-
B	30x10	-	-	0.3	-	-	0.3	-
3	60x10	3.7	0.9	-	0.2	-	-	-
4	40x20	0.1	1.9	-	1.0	-	-	-
4a	50x8	0.2	4.2	-	1.2	-	-	-
5	45x10	-	3.6	-	0.7	1.1	-	-
6	45x15	0.1	3.8	-	0.7	-	-	-
7	40x8	0.3	5.3	-	0.3	0.3	-	-
8	50x10	2.0	2.0	-	0.6	0.6	-	-
9	40x10	6.0	0.7	-	1.0	1.7	-	-
10	25x18	-	3.8	-	2.0	1.6	-	-

Núpsá:


Staður (No)	Stærð (m)	Fjöldi veiddra laxaseiða eftir aldri					Urriði ≥0+	Bleikja ≥0+
		0+	1+	1+ss	2+	3+		
3	70x9	-	-	2.1	-	-	-	-
4	70x8	-	-	3.8	-	-	-	-
5	40x8	-	15.9	-	1.2	-	-	-
6	40x9	-	2.5	-	7.8	-	-	-
7	40x8	3.7	0.3	-	5.0	-	-	-
8	30x8	2.5	1.2	1.7	7.5	-	-	-
9a	30x10	8.3	0.7	-	-	-	-	0.3
11	50x9	0.2	6.2	0.4	1.1	-	-	0.2
12	25x14	2.7	0.4	1.9	1.1	0.2	-	-
12a	25x14	0.3	5.4	-	2.8	-	-	-
13	30x13	11.8	1.0	-	0.5	-	-	-
14	20x14	0.4	8.6	-	1.8	-	-	-

Vesturá:


Staður (No)	Stærð (m)	Fjöldi veiddra laxaseiða eftir aldri					Urriði ≥0+	Bleikja ≥0+
		0+	1+	1+ss	2+	3+		
0	70x10	-	1.0	-	2.0	0.1	0.1	-
0b	35x10	-	-	-	0.9	-	-	-
Lambá	70x6	-	0.2	-	2.1	-	-	-
2	30x12	6.9	7.5	-	0.5	-	-	-
3	50x15	-	0.7	-	2.9	0.4	-	-
4	25x15	-	6.9	-	4.3	4.8	-	-
5	40x7	2.1	5.9	-	1.9	4.8	-	-
6	50x7	-	8.3	-	2.3	5.4	-	-
7	35x16	-	7.3	-	2.7	3.0	-	-
8	35x12	5.2	4.6	-	1.4	3.3	-	-
9	40x13	0.4	4.4	-	1.5	-	-	-
10	40x10	6.7	6.0	-	2.0	1.0	-	-
10a	40x12	4.2	4.6	-	3.1	0.5	-	-
11	45x12	5.5	4.4	-	0.9	0.9	-	-
12	40x8	0.9	1.2	-	1.6	-	-	-

Miðfjarðará og smærri þverár:


Staður (No)	Stærð (m)	Fjöldi veiddra laxaseiða eftir aldri					Urriði ≥0+	Bleikja ≥0+
		0+	1+	1+ss	2+	3+		
1	45x15	3.0	1.3	-	1.6	0.9	-	0.3
2	70x4	3.6	3.9	-	1.4	-	-	1.4
3	50x8	0.7	6.3	-	3.0	-	-	1.5
4	40x6	8.8	2.5	-	-	-	-	2.5
Þverá	50x4	-	-	11.0	-	-	-	-
Urriðaaá	40x6	-	5.8	-	6.7	0.4	2.9	4.2
Steinst.á	50x7	-	-	-	-	1.4	3.7	2.0




Mynd 1. Yfirlitskort af vatnasvæði Miðfjarðarar. Helstu rafveiðistaðir eru merktir inn á kortið.




Mynd 2. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í rafveiðum í Austurá 25.-29. ágúst 1997.




Mynd 2 frh. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í rafveiðum í Austurá 25.-29. ágúst 1997.




Mynd 3. Lengdar- og aldursdreifing laxaseiða í Núpsá í rafveiðum 25.-29. ágúst 1997.




Mynd 3, frh. Lengdar- og aldursdreifing laxaseiða í Núpsá í rafveiðum 25.-29. ágúst 1997.



Mynd 4. Lengdar- og aldursdreifing laxaseiða í Vesturá í rafveiðum 25.-29. ágúst 1997.



Mynd 4, frh. Lengdar- og aldursdreifing laxaseiða í Vesturá í rafveiðum 25.-29. ágúst 1997.



Mynd 5. Lengdar- og aldersdreifing laxaseiða í Miðfjarðará og litlum þverám í rafveiðum 25.-29. ágúst 1997.